

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 23. apríl sl. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Fremst í 66. gr. bætast fimm nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Guðfræðideild veitir kennslu sem hér segir:

Til kandídatprófs í guðfræði.

Til BA-prófs í guðfræði.

Til djáknaprófs.

Til meistara- og doktorsprófs í guðfræði samkvæmt nánari reglum sem guðfræðideild setur og háskólaráð staðfestir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 40. gr. laga um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. júní 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.